

Fundur í umhverfisnefnd 23. nóvember kl. 13:00

Mættir: Jörgen, Rakel Ásta, Helena, Andrés, Sigga V, Heimir, Natalía, Díana, Stefanía Katrín, Helga H, Guðrún, Gabríel og Sigga Lára.

1. Gátlistinn um lýðheilsu, umræður um helstu niðurstöður. Almennt erum við að standa okkur mjög vel í lýðheilsuþætti. Sum börn eru þó að upplifa streitu og kvíða og að grátandi börn fái ekki aðstoð í frímínútum. Það sem börnin vilja skoða frekar og laga er;
 - hitastigið í skólanum
 - fá meiri fræðslu frá baráttusamtökum (Sigga Dögg, kynfræðingur, verður með fræðslu fyrir mið- og unglíngastig 24. nóvember og það stendur til að fá fræðslu frá samtökunum 78 fyrir eldri nemendur skólans á þessu skólaári)
 - slökun/hvöld á skólatíma
 - jafning með slátri
 - ávallt val um gróft brauð þegar brauðréttir eru í hádegismatinn
 - hveitlaust pasta
 - bjóða áfram upp á kanelsykur með grjóna-graut en jafnframt að bjóða upp á kanel með grautnum
 - dagleg hreyfing (stutt hreyfistund með kennurum þá daga sem ekki eru íþróttir eða sund)
2. Jól í skókassa, fóru tveir kassar frá 1. og 2. bekk.
3. Matarvigtun 4. – 8. desember í morgun- og hádegisverði.
4. Leiðarljós Heiðarskóla í umhverfismennt. Hugmyndakassi staðsettur hjá skólastjóra og allir mega koma með hugmyndir. Nefndarmenn beðnir um að kynna verkefnið í sýnum bekkjum. Gæti verið slagorð, ljóð, listaverk eða stutt málsgrein.
5. Rafmagnssparnaðardagar í janúar, umhverfisdagur í apríl og gróðursetning í maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:40